

**Nd.**

**200. Nefndarálit**

um frv. til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðar-embættisins.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Afgreiðsla þessa máls hefir dregist hjá nefndinni, af því að til mála hafði komið, að þeim tveim embættismönnum, er hjer ræðir um, yrði gert að skyldu að starfa sem aukakennarar í íslenskum fræðum við háskólann, en þá fjelli burtu annar fastakennarinn við háskólann í þeim fræðum. Hefðum við, sem hjer ritum nöfn okkar undir, talið þessa skipan hina heppilegustu. En nú höfum við fengið vitneskju um, að meiri hluti mentamálanefndar, sem hefir til meðferðar frv. til laga um breyting á háskólalögum, hefir ekki getað fallist á að nema burt annan fastakennarann í ísl. fræðum, þótt aukakensla þessara tveggja embættismanna kæmi þar í staðinn, og úr því að ekki næst samkomulag um að ná embættafækkun þeirri, er frv. fer fram á, á þennan hátt, þá leggjum við til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. mars 1924.

Jón Þorláksson,  
form. og frsm.

Jón Kjartansson.